

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags íslenskra hljómlistarmanna**

79. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna var haldinn fimmtudaginn 2. apríl 2023. Fundurinn var fjarfundur á Teams og hófst hann kl. 11:15.

Mætt voru f.h. FÍH, Gunnar Hrafnson, Eyþór Ingi Kolbeins og Freyja Gunnlaugsdóttir. Af hálfu SNS, Berglind Eva Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum Starfsmenntunarsjóðs FÍH.

Stjórn starfsmenntunarsjóðs FÍH hefur lagt fram erindi þar sem óskað er eftir staðfestingu samstarfsnefndar á tillögum stjórnar um breytingar á samþykktum starfsmenntunarsjóðs FÍH.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála tillögu stjórnar um breytingar á styrkfjárhæðum Starfsmenntunarsjóðs FÍH og samþykkir að eftirfarandi breytingar taki gildi vegna hópferða sem farnar eru frá og með 1. janúar 2023:

C deild – Hámarksstyrkur í C deild hækkar í kr. 175.000.

D deild – Hámarksfjöldi styrkhæfra ECTS eininga breytist úr 120 ECTS og verða 180 ECTS.

Fundi slitið klukkan 11:45.